

Samningur um sérnámsgrunn á Íslandi

Sérnámsgrunnssár á Íslandi er fyrsti hluti sérnáms á Íslandi. Það er sett upp í samræmi við reglugerð 856/2023 um menntun, réttindi og skyldur lækna og skilyrði til að hljóta almennt lækningaleyfi og sérfræðileyfi. Mats- og hæfisnefnd hefur samþykkt þau kennslusjúkrahús og heilsugæslustöðvar sem eru starfstöðvar á námsárinu og kennsluráð sérnámsgrunns hefur umsjón og sér um skipulag sérnámsgrunns.

Sérnámsgrunnur er 12 mánaða klínískt sérnám sem skiptist á eftirfarandi hátt: Fjórir mánuðir á heilsugæslu og átta mánuðir á kennslusjúkrahúsi. Á kennslusjúkrahúsi eru að lágmarki tveir mánuðir á lyflækningadeildum, tveir á skurðlækningadeildum og tveir mánuðir við klínísk störf við bráða lækniþjónustu. Sérnámsgrunnur er fyrsti hluta alls sérnáms á Íslandi og skal að fullu lokið áður en sérnám í aðalgrein hefst.

Sérnámsgrunnur byggir á klínískum störfum þar sem sérnámsgrunnslæknir vinnur með sjúklingum undir handleiðslu sérfræðilækna og sérnámslækna og miðast við marklýsingu um sérnámsgrunn. Sérnámsgrunnslæknir fær sérnámshandleiðara fyrir allt námsárið og klínískan handleiðara á heilsugæslunni. Sérnámsgrunnslæknir safnar umbeðnum gögnum í rafræna ferilmöppu (ePortfolio). Námslækni ber að safna matsblöðum jafnt og þétt yfir námsárið ásamt því að tryggja að tilskilinn fjöldi matsblaða skil sér sem og að öðrum atriðum sé lokið í ePortfolio. Uppfylla þarf skilyrði um þátttöku í fræðslu fyrir sérnámsgrunnslækna og viðveru á námsárinu.

Fylgst er með námsframvindu og skilum í ePortfolio á námsárinu. Námslæknir á reglulega fundi með sínum handleiðurum og um miðbik námsársins er viðtal þar sem farið er yfir stöðuna. Ef sérnámslæknir nær ekki að fylgja námsáætlun, án þess að málefnalegar ástæður séu fyrir töfum, kann að verða litið svo á að forsendur ráðningar teljist brostnar.

Hér fyrir neðan er listi yfir helstu leiðbeiningar, upplýsingar um kröfur og reglur sem við koma sérnámsgrunnssárinu og eru að finna á vefsíðu sérnámsgrunnslækna (<https://island.is/s/landspitali/sernamsgrunnslaknar>) ásamt fleiri upplýsingum:

- Upphafsgátlisti fyrir sérnámsgrunn
- Lokagátlisti – Skilyrði fyrir viðurkenningu á sérnámsgrunni
- Marklýsing
- ePortfolio og handleiðarar (fyrirsögn, sjá lista af skjölum á vefsíðu sérnámsgrunnslækna)
- Fræðsludagskrá fyrir sérnámsgrunnslækna
- Orlof, vaktavinnuskil, leyfi, fjarvistir
- Námsdagar – minnisblað
- Hvernig má sækja um námsdaga, ferðakostnað og námskeiðsgjöld
- Viðtöl við sérnámsgrunnslækna
- Vinna yfir árið, skil í ePortfolio o.fl.

Við skipulagningu á sérnámsgrunnsárinu eru eftirfarandi þættir m.a. lagðir til:

- › Sérnámsgrunnslæknum fá útgefna blokk fyrir upphaf námsárs, þar sem fram kemur hvernig námsárið skiptist á milli stofnana og tímalengd hvers þáttar.
- › Marklýsing fyrir sérnámsgrunnsár.
- › Rafrænt skráningarkerfi (ePortfolio), þar sem haldið er utan um skil á gögnum og námsframvindu.
- › Sérnámshandleiðari fyrir allt námsárið og klínískur handleiðari fyrir tímabil á heilsugæslunni.
- › Viðtöl við alla sérnámsgrunnslækna a.m.k. einu sinni yfir árið, þar sem farið er yfir námsframvindu og lagt mat á hvort að t.d. þurfi að lengja námsárið.
- › Fræðsludagskrá og námskeið s.s. Advanced Life Support, Basic Patient Safety (LSH) og Teymisvinna í bráðum aðstæðum/þverfagleg hermikennsla.

Sérnámslæknir leggur fram eftirfarandi þætti í sérnámi:

- › Leitast við að vera í stöðugum og skýrum samskiptum við handleiðara, kennslustjóra og yfirlækna eftir því sem við á, svo að forsendur séu til að kröfur marklýsingar um sérnámsgrunnsár séu uppfylltar.
- › Leitar eftir viðeigandi mati og endurgjöf á störf sín og ber ábyrgð á skráningu (s.s. í ePortfolio) jafnt og þétt yfir allt námsárið.
- › Tekur þátt í skipulagðri fræðslu fyrir sérnámsgrunnslækna og í annarri fræðslu eftir því sem við á.
- › Við lok námstímans hafi öllu verið sannanlega lokið skv. lokagátlista með skilyrðum fyrir viðurkenningu á sérnámsgrunni.

Sérnámsgrunnslæknir sér um að hlaða þessu skjali undirrituðu inn í ePortfolio-kerfið, undir „Personal library“ og velja „File status shared“.

Dagsetning: _____

Sérnámsgrunnslæknir: _____

Formaður kennsluráðs um sérnámsgrunn: _____